

## 1041. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. mars 2010 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Ásta Rut Jónasdóttir, Ágúst Guðbjartsson, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Steingrímsson, Bjarki Steingrímsson, Guðrún J. Ólafsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Stefanía Magnúsdóttir sem ritar fundargerð.

Bókun:

Sigurður Sigfússon óskar eftir að það verði bókað að starfsmenn VR hafa neitað að rita fundargerðir á stjórnarfundum vegna ávirðinga sem á þá hafa verið bornar af Bjarka Steingrímssyni vegna starfa þeirra.

Bókun:

Sigurður Sigfússon óskar eftir að það verði bókað að Bjarki Steingrímsson hafi neitað að rita fundargerð.

**Dagskrá:**

- 1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar**
- 2. Allsherjarkosningar**

Framboðsfundur hefur verið boðaður miðvikudaginn 17. mars og verður í Turninum í Kópavogi á 20. hæð.

Kynning framboða – tillaga frá formanni

"Frambjóðendur A-lista til trúnaðarráðs sem stjórn VR stillti upp og trúnaðarmenn og trúnaðarráð hafa kosið sem frambjóðendur félagsins voru kynntir með greinargóðum hætti innan þeirra hóps. Hið sama gildir ekki um frambjóðendur L-lista. Þannig hefur hluti félagsmanna (trúnaðarmenn og trúnaðarráð) fengið ítarlegri upplýsingar um hluta frambjóðenda fram yfir hinn almenna félagsmann.

Til að allir standi jafnfætis og jafnræðis sé gætt bæði gagnvart félagsmönnum og frambjóðendum L-listans vil ég gera það að tillögu minni að frambjóðendum L-listans verði gert kleift að senda inn sambærilegar upplýsingar og liggja fyrir um A-listann. Upplýsingar um frambjóðendurna verði svo gerðar öllum félagsmönnum aðgengilegar."

Samþykkt

- 3. Skýrsla endurskoðanda/ Kreditkort**

Formaður fór yfir skýrslu endurskoðanda um kreditkortanotkun starfsmanna í þágu VR. Megin niðurstöður eru þær að um enga misnotkun er að ræða. Hins vegar er bent á að gera þær munnlegu reglur sem gilda skriflegar.

Umræður

Bókun:

"Kristinn Örn formaður VR neitar að láta stjórnarmenn VR fá afrit af skýrslu endurskoðanda vegna kreditkortanotkun starfsmanna og gefur ekki útskýring á ákvörðun sinni.

Guðrún Ólafsd."

Kristinn Örn lagði fram tillögu:

**"Starfsfólk VR nýtur fyllsta trausts**

Stjórn VR fagnar niðurstöðu athugunar á kreditkortafærslum starfsmanna félagsins. Ljóst er að gott traust þarf að ríkja á milli félaga í stéttarfélögum og þeirra starfsmanna sem fyrir þau starfa. Stjórn VR telur niðurstöðuna staðfesta að fjármál félagsins séu í öruggum höndum. Þungbært hafi verið verið fyrir starfsmenn að sitja undir því að svo væri ekki. Þá vill stjórn VR benda á, að ólíkt öðrum stórum verkalýðsfélögum, birtir félagið ársreikninga sína á heimasíðu sinni."

Umræður

Tillagan var samþykkt með meiri hluta atkvæða

**4. Verklags- og siðareglur VR**

Verklags- og siðareglur VR sem unnar voru á síðasta ári og lagðar fram sem drög á síðasta aðalfundi lagðar fram.

**5. Framlag í varasjóð 2010**

Umræður

**6. Fjárhagsáætlun 2010**

Óskað hafði verið nánari skýringa og niðurbroti á útgjaldaliðum í fyrri áætlun. Formaður fór í gegnum skýringarnar.

Umræður

Samþykkt samhljóða

Fundi slitið klukkan 20:10